

**152. fundur umhverfis- og framkvæmdanefndar  
haldinn í fundarsal bæjarstjórnar í Stjórnsýsluhúsinu á Ísafirði, fimmtudaginn 7.  
nóvember 2024 og hófst hann kl. 08:30.**

**Fundinn sátu:**

Valur Richter aðalmaður, Bernharður Guðmundsson aðalmaður, Þóra Marý Arnórsdóttir aðalmaður og Halldóra Björk Norðdahl formaður.

**Embættismenn:**

Axel Rodriguez Överby, sviðsstjóri umhverfis- og eignasviðs og Smári Karlsson, verkefnastjóri.

**Fundargerð ritaði:** Smári Karlsson, verkefnastjóri.

**Dagskrá:**

Hjörleifur Finnsson mætir til fundar kl. 08:30

**1. Kynning á gerð loftslagsstefnu og niðurstöður vinnustofu um orkuskipti - 2024100063**

Hjörleifur Finnsson, verkefnastjóri umhverfis-, og loftslagsmála hjá Vestfjarðastofu mætir til fundar til að kynna gerð loftslagsstefnu, niðurstöður vinnustofu um orkuskipti og þýðingu hennar fyrir stefnu Ísafjarðarbæjar í umhverfismálum.

*Umhverfis- og framkvæmdanefnd þakkar Hjörleifi fyrir erindið.*

Hjörleifur Finnsson yfirgarf fund kl. 09:15.

**2. Úrgangsstjórnun og svæðisáætlun - 2022090018**

Lokaútgáfa svæðisáætlunar um meðhöndlun úrgangs á Vestfjörðum 2024-2035 lögð fram til kynningar.

*Umhverfis- og framkvæmdanefnd vísar svæðisáætlun um meðhöndlun úrgangs á Vestfjörðum til afgreiðslu í bæjarstjórn.*

**3. Sóknaráætlun Vestfjarða 2025-2029 - 2024100046**

Á 1299. fundi bæjarráðs, þann 14. október 2024, var lagður fram til kynningar tölvupóstur Magneu Garðarsdóttir fyrir hönd Vestfjarðarstofu, dags. 9. október 2024, þar sem bent er á að drög að Sóknaráætlun Vestfjarða 2025-2029 hefur verið sett inn á samráðsgátt til umsagnar. Umsagnarfrestur er til og með 24. október 2024.

Bæjarráð vísaði málinu til umsagnar í menningarmálanefnd, umhverfis- og framkvæmdanefnd, skipulags- og mannvirkjanefnd, velferðarnefnd og skóla-, íþrótt- og tómstundanefnd.

Bæjarráð áréttar að Sóknaráætlun Vestfjarða 2025-2029 verður til umræðu á Fjórðungsþingi Vestfirðinga 18.-19. október 2024.

*Umhverfis- og framkvæmdanefnd gerir ekki athugasemdir við framlögð drög að Sóknaráætlun Vestfjarða 2025-2029.*

**4. Neysluvatnssýni 2024 - 2024050035**

Lagðar fram niðurstöður vatnssýnatöku Heilbrigðiseftirlits Vestfjarða í Skutulsfirði.

*Lagt fram til kynningar.*

**Fleira ekki gert. Fundi slitið kl. 10:00**

---

Valur Richter

---

Bernharður Guðmundsson

---

Þóra Marý Arnórsdóttir

---

Halldóra Björk Norðdahl

---

Axel Rodriguez Överby

---

Smári Karlsson